

FJÖRÐUR



Arnar Friðriks | Regína Ósk | Bjarni Ara

HAUST FÖGNUÐUR

FIMMTUDAGINN
10.10.24

Fylgstu með okkur á facebook!



/fjordur

Fjörður verslunarmiðstöð

GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

Apótek
Garðabæjar

Opið 9-18:30 virka daga
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ



Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins KGP.IS

33. tölublað 35. árgangur. Fimmtudagur 10. október 2024



Laxaolía

Styður við heilbrigða
húð og feld



Komdu með
fasteignina þína
í sölu hjá okkar.

Fyrir hverja eign
styrkjum við
Bleiku slaufuna.

Hringdu og
kynntu þér málið:
520 9595

Við leggjum þessu
málefni lið.



FLATEY

PIZZA NAPOLETANA
Garðatorgi 6. S.568 2666

Lyfjaval

24/7
OPIÐ

Bílaapótek Lyfjavals
Hæðasmára

Hrafnhildur gerir hverja kennslustund að ævintýri



Hrafnhildur við útikennslu ásamt nemendum sínum í Sjálandsskóla

Hrafnhildur Sigurðardóttir, kennari við Sjálandsskóla í Garðabæ er tilnefnd til Íslensku menntaverðlaunanna árið 2024 í flokknum Framúrskarandi kennari, en þrír aðrir kennarar eru tilnefndir ásamt henni.

Verðlaunin eru veitt árlega sem viðurkenning fyrir framúrskarandi skólastarf eða aðrar

umbætur í menntamálu, en alls eru veitt verðlaun í fimm flokkum.

Hrafnhildur er tilnefnd fyrir þróun fjölbreyttrar og hugmyndaþrjú útikennslu, fjölbreyttar valgreinar og leiðsögn við kennara og kennaraefni um útvíst og umhverfismennt. (Sjá framhald á blaðsíðu. 2).

KOMINNTÍMÁ
SKOÐUN?

Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á frumherji.is

HAFÍÐ
FISKVERSLUN
- Gæðin skipta máli -

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi

YUZU HEFUR OPNAÐ Í
LITLATÚNI, GARÐABÆ

"SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI"

LEMON

MEIRA NÆS - MEIRA GOTT

30%
AFSLÁTTUR
MEÐ VILDARKORTI
LINDAR

VILDARKORT

LIND
FASTEIGNASALA

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



LIND
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vídd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Efla barna- og unglíngastarf tennís í Garðabæ

Garðabær gerir samstarfssamning við Tennísfélag Garðabæjar



Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Eyþór Rafn Þórhalls­son formaður TFG og Hrannar Bragi Eyjólfsson form ITG

Garðabær og Tennísfélag Garðabæjar hafa skrifað undir samstarfssamning með það að markmiði að efla áfram barna- og unglíngastarf í tennís í Garðabæ með markvissu starfi TFG á félagssvæði sínu. Sérstök áhersla skal lögð á að mæta þörfum fatlaðra barna og ungmenna í samræmi við stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks.

kygni sér, innleiði og starfi samkvæmt leiðbeiningum og verklagsreglum ÍSÍ um kynferðislegt áreiti í íþróttum. Félagið skal setja upp áætlanir varðandi eineltismál og njóta samvinnu við Garðabæ um fræðslu og viðbrögð við þeim. Þar skal byggt á forvarnastefnu bæjarins þar sem m.a. kemur fram áhersla á að uppræta og vinna gegn einelti, finna fyrirbyggjandi lausnir og auka samvinnu allra uppeldisaðila til að uppræta einelti í skólum og félagsstarfi í Garðabæ.

Í samningnum segir m.a. að aðalstjórn beri ábyrgð á að félagið og allar deildir þess

Íðandi mannlíf á Rökkvunni

Rökkvan haldin í þriðja sinn þann 12. október á Garðatorgi

Laugardaginn 12. október mun göngugata Garðatorgs iða af lífi þegar listahátíðin Rökkvan verður haldin í þriðja sinn. Hátíðin fór fyrst fram árið 2021 en hún er stofnuð af ungu listafólki í Garðabæ. „Ég er svo óendanlega stoltur af því að fá að taka þátt í þessu verkefni,“ segir Einar Örn Magnússon, einn af listrænum stjórnendum hátíðarinnar, og bætir við: „Það er svo mikilvægt fyrir ungt listafólk að hafa vettvang í nærumhverfi sínu eins og þennan til að koma sér á framfæri.“

Stórtónleikar hefjast á Garðatorgi kl. 19:30

Á Rökkvunni má sjá fjölbreytta flóru listafólks. Myndlist, handverk, dans og tónlist er meðal þess sem gestir mega búast við á hátíðinni í ár. Tónlist er þó kjarni Rökkvunnar, en hátíðin nær hápunkti sínum á stórtónleikum sem byrja klukkan 19:30 í glerhýsinu á Garðatorgi. Þar koma fram Kusk og Óviti, KK, JóiPé og GDRN.



Hin magnaða söngkona GDRN mun stíga á sviði á Rökkvunni



KK kemur fram á stórtónleikumunum

Handverks- og listamarkaður

Að auki verður handverks- og listamarkaður Rökkvunnar reistur í glerhýsinu og eru gestir hvattir til að styðja við listafólkið sem selur varninginn sinn á markaðnum. „Markaðurinn hefur verið hluti af Rökkvunni frá upphafi og er stór hluti hátíðarinnar,“ segir Einar.

Gaman að sjá hvað unga fólkið í Garðabæ er að skapa

Myndlistarmennirnir JóiP og Íris Eva verða svo með sýningu í Gróskusal og verður án efa mjög gaman að sjá hvað unga fólkið í Garðabæ er að skapa. Það er svo einstaklega gaman að verlanir á Garðatorgi taka þátt í Rökkvunni með kvöldopnun og alveg ljóst að Garðabæingar standa með sínu fólki!

Framhald af forsiðu

Hrafnhildur gerir hverja kennslustund að ævintýri

Hrafnhildur er áhugasöm, jákvæð og lausnamiðuð og mikill fagmaður sem brennur fyrir starfið sitt og sinnir því að einstakri alúð

Markmið verðlaunanna þeirra er að auka veg menntaumbótastarfs og vekja athygli samfélagsins á metnaðarfullu og vönduðu skóla- og frístundastarfi með börnum og unglíngum.

Hér má lesa tilnefninguna í heild sinni:

Hrafnhildur Sigurðardóttir lauk kennaraprófi frá Háskóla Íslands 2006. Hún hefur starfað við Sjálandsskóla frá því að skólinn tók til starfa árið 2005, lengst af við umsjónarkennslu en er nú verkefnastjóri á yngsta stigi og útikennslu nemenda í 1.–7. bekk. Hrafnhildi er lýst sem einstökum kennara, hún sé áhugasöm, jákvæð og lausnamiðuð og mikill fagmaður sem brennur fyrir starfið sitt og sinnir því að einstakri alúð svo eftir er tekið í skólasamfélaginu. Hún er óhrædd við að feta óhefðbundnar slóðir í kennslunni og smitar aðra með áhuga sínum. Hún þykir ekki eingöngu framúrskarandi kennari heldur einnig einstakur leiðtogi.

Útikennsla hefur verið mikilvægur þáttur í skólastarfi Sjálandsskóla þar sem allir nemendur í 1.–7. bekk fara út einu sinni í viku, að lágmarki áttatíu mínútur, allan veturinn. Viðfangsefni útikennslunnar eru allar námsgreinar og hefur Hrafnhildur lag á því að samþætta námsgreinar og tengja við útinám. Á unglíngastigi kennir Hrafnhildur valgreinar eins og hellaval, fjallgöngur, fjallahjól og kajak.



Hrafnhildur hefur lag á því að samþætta námsgreinar og tengja við útinám

Starfsfólk Sjálandsskóla leitar til Hrafnhildar eftir hugmyndum og aðstoð við skipulagningu náms. Hún hefur komið að kennslu á námskeiðum á Menntavísindasviði Háskóla Íslands um útikennslu og þjálfun kennaranema á því sviði. Kennaranemar koma reglulega til hennar, auk þess sem gestir frá útlöndum sækjast eftir því að koma að kynna sér útikennsluna og hvernig hún nálgast hana. Jafnframt hefur hún tekið þátt í Háskóla unga fólksins, einnig um útikennslu.

Dæmi um umsagnir sem fylgdu tillögum um tilnefningu Hrafnhildar:

„Hrafnhildur gerir hverja kennslustund að ævintýri, hvort sem um er að ræða hefðbundin námstengd verkefni eða í fjórinni, á kajak, í fjallgöngu eða í útiöldun.“

Ósjaldan má sjá nemendur Sjálandsskóla setja upp tjöld í nágrenninu, hjóla upp í Heiðmörk eða skoða lífríkið í flæðamálinu.“

„Nemendur sem af einhverjum ástæðum hafa átt erfitt uppdráttar í skólanum hafa notið aðstoðar Hrafnhildar. Hún hefur einstakt lag á því að nálgast nemendur, styrkja þá félagslega og bæta líðan. Hrafnhildur er hrein og bein og nemendur vita hvar þeir hafa hana og að hún stendur alltaf með þeim. Þeir vita líka að ef þeir ruglast þá tekur Hrafnhildur vel á móti þeim og leiðbeinir og hvetur til dáða án þess að dæma eða brjóta niður.“

Verðlaunin verða veitt við hátíðlega athöfn 5. nóvember á Bessastöðum. Sýnt verður frá athöfninni þann sjötta á RÚV.

FRÍMANN & HÁLFÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA

Frímann
897 2468

Hálfán
898 5765

Ólöf
898 3075

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is

HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is

Harpa Heimisdóttir
842 0204

Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

KOMINN TÍMI Á MALBIKSVIÐGERÐIR OG MÁLUN BÍLASTÆÐA?

WWW.VERKTAK.IS | 5514000 | 6908000

Hvað er að fréttu í Garðabæ?



ÍBÚAFUNDUR MEÐ BÆJARSTJÓRA OG SVIÐSSTJÓRUM GARÐABÆJAR.

MÁNUDAGINN 14. OKTÓBER
19:30–21:00 Í FLATASKÓLA

MIDVIKUDAGINN 16. OKTÓBER
19:30–21:00 Í URRÍÐAHOLTSSKÓLA

Förum yfir það sem íbúum Garðabæjar liggur á hjarta, ræðum málin og tökum fyrirspurnir.

Hvernig líður krökkunum okkar, hvað er að fréttu í skólamálum og hvernig standa framkvæmdir í bænum?

Öll velkomin og hlökkum til samtalsins



GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: www.kgp.is
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn kemur næst út fimmtudaginn 17. október

Síðasti skiladagur föstudaginn 11. október
valdimar@gp.is - Sími 697 4020

Garðapósturinn með bæjarbúum í 35 ár - frá 1989

Vefsíða Garðapóstsins er: www.kgp.is

Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA
ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING
TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Andrés Andrésson
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn
Jóhannsson
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is

K.C. - MÁLUN

kcarter@internet.is
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málarameistari

MÁLNING · SPARTSL · VEGGFÓÐUR · FLÍSALÖGN



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Vefmiðill Garðapóstsins kgp.is

[Facebook.com/Gardaposturinn.is](https://www.facebook.com/Gardaposturinn.is)

[Instagram.com/Gardaposturinn](https://www.instagram.com/Gardaposturinn)

Endurnýjun á hitaveitulögn í Fitjum/Hraunsholti

Göngustígur frá Hraunhólum að íþróttasvæði lokaður til nóvemberloka

Vegna endurnýjunar Veitna á hitaveitulögn verður göngustígur í Hvammi frá Hraunhólum að íþróttasvæði Garðabæjar lokaður til nóvemberloka. Unnið verður á grasblett á milli Garðafitjar og göngustígs.

Vinnusvæðið má sjá á meðfylgjandi mynd og á vef Veitna. Á myndinni má sjá „göngubrú“ merka inn, samkvæmt Veitum verður allajafna hægt að fara yfir þá brú á meðan á framkvæmdum stendur.

Í tilkynningu frá Veitum um verkið kemur fram að göngustígurinn sem um ræðir liggur ofan á hitaveitustokk utan um lögn sem gaf sig nýlega og er kominn tími á endurnýjun. Til að tryggja öryggi á svæðinu og afhendingu á heitu vatni þarf að leggja nýja lögn við hlið stokksins.

Ítrekaðar bílanir á þessum legg Hitaveitulögnin flytur heitt vatn m.a. fyrir Ásahverfi og Álfanes. Ítrekaðar bílanir á



Vegna viðgerðar við hitaveitulögn verður Garðafit lokað í einn til tvo daga. Áætlað er að göngustígur frá Hraunhólum að íþróttasvæði Garðabæjar verði lokaður til nóvemberloka

þessum legg gera það að verkum að það verður að endurnýja hana til lengri tíma. Slik lausn til framtíðar verður þó ekki til-

búin fyrir komandi vetur og því þarf að setja í forgang að leggja lögn sem mun sinna hlutverkinu næstu árin.

Viðbótarkostnaður upp á samtals kr. 323.000.000 fyrir árið 2024

Fjármálastjóri Garðabæjar mætti á síðasta fund bæjarráðs og gerði grein fyrir viðauka númer eitt við fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2024, en þar er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði að upphæð 323 milljónum kr., sem deilist niður á nokkur svið bæjarins.

Velferðasvið:

Fleiri sækja um húsaleigubætur

Sérstakur húsnæðisstuðningur kr. 20.000.000. Fjölgun hefur orðið á þeim sem sótt hafa um húsaleigubætur auk þess sem greiðslur bóta hafa hækkað. Alls fengu 217 greiddar húsaleigubætur frá Garðabæ í ágúst sl.

Umfang og fjöldi barnaverndarmála hefur aukist

Úrræði á heimili vegna barna kr. 15.000.000. Umfang barnaverndarmála hefur aukist og einnig fjöldi.

Fræðslu- og menningarsvið:

Urrinn fær 10 milljónir kr.

Félagsmiðstöð Urriðaholtsskóla fær kr. 10.000.000. Frá og með skólaárinu 2023-2024 hefur verið rekin félagsmiðstöð við Urriðaholtsskóla, Urrinn. Starfsemi hefur byggst hraðar upp en gert var ráð fyrir í áætlun.

Riflega 100 fleiri börn í vinnuskólanum

Vinnuskóli kr. 14.000.000. Riflega 100 fleiri börn voru í vinnuskólanum í sumar en áætlun gerði ráð fyrir. Börnum fjölgaði úr 610 í 731 milli ára.

60 milljónir í greiðsla til annarra sveitarfélaga vegna leikskólabarna

Námsvistargjöld vegna leikskólabarna í öðrum sveitarfélögum kr. 60.000.000. Greiðslur til annarra sveitarfélaga vegna leikskólabarna sem eru að flytjast til Garðabæjar voru meiri á vorönn en gert hafði verið ráð fyrir.



Leikskóladeild Urriðaholtsskóla fær kr. 185.000.000, en fleiri börn eru á leikskóladeildinni í Urriðaholtsskóla en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Einnig bætast við 40 ný leikskólarymi frá og með þessu hausti.

Foreldragreiðslur vegna leikskólabarna 40 milljónir

Foreldragreiðslur vegna leikskólabarna kr. 40.000.000. Greiðslur til foreldra barna sem biða eftir leikskólaplássi voru meiri á vorönn en áætlun gerði ráð fyrir.

Fleiri börn eru á leikskóladeildinni í Urriðaholtsskóla en gert var ráð fyrir

Leikskóladeild Urriðaholtsskóla kr. 185.000.000.- Fleiri börn eru á leikskóladeildinni í Urriðaholtsskóla en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Einnig bætast við 40 ný leikskólarymi frá og með þessu hausti.

Urriðaból fór rólega af stað

Urriðaból við Holtsgötu kr. -75.000.000. Áætlun gerði ráð fyrir að skólinn færi hraðar í rekstur en raunin hefur orðið.

Umhverfissvið:

Aukinn kostnaður vegna aðkeypts aksturs Aukaframlag til Strætó bs. kr. 14.000.000. Á fundi bæjarráðs 13. ágúst sl. var samþykkt erindi frá Strætó bs. vegna beiðni um aukioð rekstrarframlag vegna hækunar á kostnaði við aðkeyptan akstur. Erindið var samþykkt og vísað til gerðar viðauka við fjárhagsáætlun.

Samtals aukin rekstrarkostnaður 283.000.000



Aukaframlag til Strætó bs var 14 milljónir króna

Tölvubúnaður endurnýjaður

Framkvæmdir kr. 40.000.000.- Á fundi bæjarráðs 3. september sl. var samþykkt tillaga sviðsstjóra þjónustu- og þróunarsviðs að endurnýjunarþörf tölvubúnaðar verði mætt með því að forgangsraða búnaði fyrir börn með 40 mkr. viðbótarmálum á árinu 2024. Erindið var samþykkt og vísað til gerðar viðauka við fjárhagsáætlun.

Samtals kr. 323.000.000

Fjármögnun viðaukans verður með staðgreiðsla útsvars að upphæð 83.000.000 kr. og úr Jófnunarsjóður sveitarfélaga kr. -240.000.000. Samtals -323.000.000

Það er stutt í veturinn og líka Nesdekk!

Nesdekk Lyngás 8

Hjá sérfræðingum Nesdekk færðu dekkjaskipti og ráðleggingar við val á réttum dekkjum fyrir veturinn.

Tímamantanir á nesdekk.is



Harðskelja-
dekk


Toyo
GSI 6

Nankang
Sw8

Pirelli
Scorpion Winter 2



Skannaðu QR kóðann
til að bóka tíma.



Bókaðu tíma og skoðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Styttist í að Oddfellowreglan fái byggingarleyfi fyrir nýtt 3000 m2 Regluheimili í Urriðaholti

Skipulagsstjóri Garðabæjar gerir ekki athugasemd við byggingarleyfisumsókn Oddfellowreglunnar og hefur gefið grænt ljós á byggingarleyfi fyrir nýtt 3000 m2 regluheimili að Vínarstræti 28 í Urriðaholti í Garðabæ að undangengnu samþykki bæjarstjórnar.

Það ætti því vera lítið til fyrirstöðu að Oddfellowreglan fái að hefja framkvæmdir efst á holtinu í Urriðaholti, en nýtt regluheimili verður ákveðið kennileiti fyrir Urriðaholtið.

Próunarsjóður Oddfellowreglunnar í samstarfi við Arkitektafélag Íslands efndu til samkeppni um nýtt 3000 m2 regluheimili í Urriðaholti, Garðabæ, í febrúar 2023 og það voru KRADS, TRÍPÓLÍ og Urbanlab nordic sem urðu hlutskörpust í samkeppninni.

Áhersla var lögð á raunhæfa og spennandi tillögu í samkeppninni sem mundi sóma sér vel í umhverfinu og er ætlað að verða ákveðið kennileiti á háholtinu. Gerð var krafa um að umhverfissjónarmið, sjálfbærni og að vistvæn hönnun yrði höfð að leiðarljósi við hönnun og efnisval.

Um vinningstillögunna segir m.a.

„Tillagan sýnir vandaða og hlýlega byggingu sem fangar vel hugmyndina um regluheimili. Aðlögun að umhverfi og staðaranda er góð og heildarútkoman faguð og góð byggingarlist. Greinargerð gefur til kynna góða þekkingu á meginatriðum sjálfbærni og hvernig vinna megi útfra þeim forsendum við útfærslu byggingarinnar.“



Regluheimilið verður einstaklega fallegt og ákveðið kennileiti fyrir Urriðaholtið

Megin inntakið í Oddfellowreglunni er mannrækt og kjörorð Reglunnar eru; Vínátta, Kærleikur og Sannleikur

Hafið tekið þátt í mörgum stórum verkefnum

Garðapósturinn heyrði hljóðið í Guðmundi Eiríkssyni stórsir Oddfellowreglunnar á þessum tímamótum og byrjaði að spyrja hann fyrir hvað reglan standi. „Oddfellowreglan á Íslandi hefur starfað frá 1897 og tekið þátt í mörgum stórum verkefnum fyrir samfélagið. Má þar, svo fátt eitt sér nefnt, Hóldsveikraspítalann í Laugarnesi sem var fyrsta verkefnið og síðar aðkoma að stofnun Víflsstaðarspítala. Í seinni tíð sem okkar kynslóð þekkir betur til má nefna uppbyggingu á Líknardeildinni í Kópavogi, endurbætur á húsnæði Ljóssins við Langhóltsveg, endurbætur á húsnæði í Hlaðgerðarkoti í Mosfellsbæ, stuðning við Pietasamtökin og standsetningu á húsnæði í St. Jósefsspítala fyrir Alzheimers- og Parkinsonsamtökin.“ segir

hann og heldur áfram: „Oddfellowreglan eru félagsamtök þar sem félagar eru af báðum kynjum og mynda stúkur sem eru í annars vegar karlar (bræður) og hins vegar konur (systur). Félagsskapurinn hefur haft sínar aðalstöðvar frá 1932 við Vónarstræti í Reykjavík. Síðan eru Regluheimili um allt land og hafa félagar í Reglunni aldrei verið

fleiri en um þessar mundir. Megin inntakið í Oddfellowreglunni er mannrækt og kjörorð Reglunnar eru; Vínátta, Kærleikur og Sannleikur. Öflugur sjóður hefur einmitt myndast vegna uppbyggingarinnar í Urriðaholti og má vænta öflugs stuðnings í framtíðinni frá Oddfellowreglunni sem sækir styrk sinn til þessarar uppbyggingarinnar.“

Reglan fékk jörðina Urriðakot að gjöf árið 1957

„Árið 1957 gáfu 61 bróðir jörðina Urriðakot, eins og hún hét áður fyrr, til Reglunnar. Höfðu þeir þá átt jörðina í nokkur ár og voru ýmis áform uppi hjá þeim, m.a. um sumarhúsabyggð en þetta var á þeim tíma nokkuð langt út úr bænum eins og þá þótti. Ekki varð af þessu né öðrum framkvæmdum þá, en gjöfin þeirra varð síðan grundvöllurinn að þeirri uppbyggingu sem við þekkjum í dag. Þar er golfvöllurinn, og útivistarsvæðið umhverfis hann sem nú hefur verið friðað að hluta. Svo auðvitað sjálft Urriðaholtið sem nú sér fyrir endann



Guðmundur stórsir Oddfellowreglunnar

á uppbyggingu á. Áform um byggingu regluheimilis hefur alltaf verið hluti af áformum um uppbyggingu á Háholtinu og nú er það að raungerast,” segir Guðmundur.

Áætlaður kostnaður 2,5 milljarðir

Guðmundur segir að byggingarleyfi fyrir bygginguna sem verður um 3000 m2 og hefur hún nú verið samþykkt hjá skipulagsfulltrúa en á eftir að fá endanlega afgreiðslu hjá bæjaryfirvöldum. „Ef allt gengur eftir er áætlað að jarðvinna geti hafist á þessu ári og uppsteypa hússins með vorinu. Kostnaður við byggingu hússins er um 2,5 milljarður og má áætla að það verði flutt inn í hluta hússins innan 3ja ára.

Ekki liggur endanlega fyrir hvaða stúkur Oddfellowreglunnar muni flytja í Urriðaholtið en það skýrist í vetur. Það er gert ráð fyrir að stúkur úr Hafnarfirði og einhverjar úr Reykjavík flytji í húsið og um leið skapist rými fyrir nýjar stúkur en húsnæðiskostur á Höfuborgarsvæðinu hefur hamlað fjölgun þeirra að undanförmu. Ekki verður allt húsið tekið í notkun til að byrja með af Oddfellowreglunni en gert er ráð fyrir að leigja hluta þess út fyrstu árin. Í húsinu verða góðir samkomusalir og er til skoðunar að leigja út til viðburða og gætu þeir þá nýst vel af nærumhverfinu í Urriðaholti,” segir Guðmundur að lokum.

Laugardagsfundur: Bjarni Benediktsson

Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins verður gestur okkar á Laugardagsfundi þann 12. október næstkomandi.

Fundurinn hefst kl. 11 í félagsheimili Sjálfstæðisfélags Garðabæjar að Garðatorgi 7 – verið velkomin!

Sjálfstæðisfélag Garðabæjar



D

NÝ VERSLUN Í GARÐABÆ

20%
AFSLÁTTUR AF ALLRI
GJAFAVÖRU
10.-14. OKTÓBER
Í BÚSTOÐ GARÐABÆ

BÚSTOÐ
— síðan 1975 —

HÚSGÖGN &
GJAFAVARA

Miðhraun 24 - 210 Garðabær - ☎ 559-9002
Tjarnargata 2 - 230 Reykjanesbæ - ☎ 421-3377 - 🌐 bustod.is


ALÞINGI SAUNA



VERÐ 1.650.000

Mál: 165 x 220 x 235

Samsett, saunaofn og ljós fylgir með uppsett.



ELEGANCE SHORT LÚXUSTUNNA TILBOÐ



Mál:
160 x 235 cm

**TILBOÐSVERÐ:
799.000 KR.**



INFRARAUDIR INNICKLEFAR

Október sending er að koma!
Takmarkað magn af hverjum klefa í boði.

Tryggðu þér þinn draumaklefa í dag

HORKLEFI

Mál: 190x125x125 cm



EINMANA

Mál: 136x90x70 cm



FBG-281

Mál: 195x109x118 cm



FBG-381

Mál: 195x109x153 cm



S-20-1P

Mál:
195x103x98 cm



S-20-2P

Mál:
195x103x118 cm



S-20-3P

Mál:
195x103x153 cm

HEITIRPOTTAR.IS

FOSSHÁLS 13 • VERSLUN 777 2000 • VIÐGERÐIR 777 2001 • FYRIRSPURNIR 777 2002
HEITIRPOTTAR@HEITIRPOTTAR.IS

FEBG félagar á ferðinni í glænýjum eðlagnum um Akranes og Hvalfjörð

Góður hópur félaga í FEBG fór í góða ferð á Akranes æar sem keyrt var um Hvalfjörð og Kjós í glænýrri rútu frá GJ Travel. „Þvílíkur eðlagnur“, segir Anna Möller formaður FEBG brosandur en hún var spurð um ferðina: „Við ókum sem leið lá í gegnum Hvalfjarðargögn og á Akranes þar sem við skoðuðum margt og mikið og fórum út á Breiðina og skoðuðum vitana þar. Þar er mjög skemmtilegt að koma. Eftir gómsætan hádegismat hjá Galito keyrðum við sem leið lá að Hallgrímskirkju í Saurbæ og skoðuðum kirkjuna. Mjög falleg kirkja og óvenjuleg má segja m.v. kirkjur almennt í sveitum landsins. Síðasta stopp var í safni Hvals í Hvalstöðinni þar sem margt skemmtilegt bara fyrir augu. Síðan var ekið áleiðis í Garðabæ,“ segir Anna, en ferðin gekk mjög vel.



Bio-Kult er eitt af því sem er alltaf til á okkar heimili

- segir Eva Mattadóttir sem hefur ekki aðeins komið fjölskyldu sinni á Bio-Kult vagninn, heldur tekur hún sjálf Bio-Kult Mind daglega og dettur ekki í hug að sleppa því

Þarmaflóran gegnir gríðarlega mikilvægu hlutverki í heilsufari okkar, hvort sem um er að ræða líkamlega eða andlega heilsu. Rannsóknir hafa sýnt fram á að þarmaflóran gegni þar á meðal lykilhlutverki í samspili þarma og heila (gut-brain-axis) og getur ójafnvægi í þarmaflórinni m.a. tengst hinum ýmsu kvillum tengdum heila- og taugakerfinu. Til þess að viðhalda heilbrigðri flóru er mikilvægt að tileinka sér hollt og gott mataræði en ásamt því er hægt að taka reglulega inn góðgerla í formi bætiefna með það að markmiði að koma á jafnvægi og styrkja þarmaflóruna.

Góðgerlar stuðla að betri meltingarflóru
Góðgerlar eru hluti af örflíverum þarmanna en þeir eru eins ólíkir og þeir eru margir og hafa mismunandi virkni. Góðgerla er bæði að finna í matvællum og meltingarvegi mannsins, þar sem þeir gegna lykilhlutverki í að styðja við heilbrigði meltingarfæranna. Góðgerlar bæta meltingarferlið með því að örva hreyfingu í meltingarveginum, sem leiðir til betri meltingar. Jafnframt aðstoða góðgerlar við niðurbrot, upptöku og nýtingu næringar úr fæðunni í vöðvabyggingu, viðgerð og endurheimt. Góðgerlarnir frá Bio-Kult eru einstaklega góð viðbót inn í daglega rútinu en gerlarnir hafa ýmis heilsueflandi áhrif á mannlíkamann með því að efla meltingu og frásog næringarefna.

Bio-Kult ómissandi á heimili Evu

Eva Mattadóttir og fjölskylda hennar hafa verið að taka inn Bio-Kult með frábærum árangri en auk þess að finna fyrir almennt betra jafnvægi á heimilinu finnur Eva einnig mikinn mun á einbeitingu þegar hún tekur inn Bio-Kult Mind. „Bio-Kult er eitt af því sem er alltaf til á okkar heimili. Ég gef börnunum mínum Bio-Kult með morgunmatnum og tek eftir auknu jafnvægi á heimilinu þegar við erum öll með þarmaflórana í lagi, því þarmaheilsa hefur svo mikil áhrif á andlega líðan. Ég er í endurhæfingu þessa dagana og ég finn að heilapokan hverfur nánast alveg og einbeitingin verður betri hjá mér þegar ég tek Bio-Kult Mind, þess vegna tek ég Mind daglega og dettur ekki í hug að sleppa því.“

Bio-Kult Mind er fullkomið fyrir skólann

Bio-Kult Mind er öflug góðgerlablanda sem styður við heilbrigða meltingu sem og hugræna virkni og hentar því vel þeim sem vilja efla minnið og skerpa einbeitingu á náttúrulegan hátt. Bio-Kult Mind inniheldur sérvalin góðgerlastofn, villt bláber og vínberja ekstrakt ásamt sinki sem stuðlar að eðlilegri vitsmunastarfsemi og verndun frumna gegn oxunarálagi, ásamt því að stuðla að eðlilegri starfs-emi ónæmiskerfisins.

Bio-Kult góðgerlar góður kostur í þína daglegu rútinu

Bio-Kult býður upp á fimm hágæða vörur, þannig að allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Bio-Kult Original inniheldur 14 tegundir sérvaldra frostþurrkaðra gerlastofna sem hafa það að markmiði að byggja upp öflugna þarmaflóru og styðja við eðlilega virkni ónæmiskerfisins. Bio-Kult Migréa inniheldur einnig 14 gerlastofna ásamt magnesíum og B6- vítamíni en það tvennt stuðlar að eðlilegri



„Ég gef börnunum mínum Bio-Kult með morgunmatnum og tek eftir auknu jafnvægi á heimilinu þegar við erum öll með þarmaflórana í lagi,“ segir Eva

starfsemi taugakerfisins sem og kemur í veg fyrir ónot tengd höfði. Bio-Kult Candéa inniheldur sjö tegundir gerla ásamt hvítlaug og greipaldinþykki sem m.a. hefur verið þekkt fyrir að draga úr Candida albicans sveppnum. Bio-Kult Pro Cyan inniheldur þrívirka formúlu af vinveittum gerlum, trönuberjaþykki og A- vítamín sem stuðlar að eðlilegri starfsemi slímhúðar. Pro Cyan hentar svo sem afar vel fyrir þau sem glíma við óþægindi eða kvilla í þvagrás.



Bio-Kult góðgerlarnir eru frábær kostur en bæði er hægt að gleypa hylkin eða opna þau og blanda í graut eða drykki. Einnig má taka inn allar tegundir Bio-Kult gerlanna samhliða sýklalyfjum, þó mælt er með að Bio-Kult sé tekið 1-2 klst. eftir inntöku sýklalyfja.

Færa auglýsingaskilti við Reykjanesbraut

Lögð hefur verið fram tillaga að staðsetningu auglýsingaskiltis við Reykjanesbraut vestan við Sunnuhvol sem er ætlað að koma í stað skiltisins sem stendur við Reykjanesbraut í Vetramýri en er víkjandi í deiliskipulagi enda gert ráð fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði í Mýrinni. Ekkert deiliskipulag er í gildi á staðnum. Það er Ungmennafélagið Stjarnan sem er umsjónaraðili skiltisins og hefur tekjur af því í gegnum Billboard sem sér um rekstur þess.



Skipulagsnefnd fellst á tillöguna og gerir ekki athugasemdir við að skipulagsstjóri vísi byggingarleyfisumsókn sem er í samræmi við tillöguna til grenndarkynningar í samræmi við skipulagslög.

eignaumsjon.is

FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2023
Eignaumsjón
2023 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Vikisgjafastofn

Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

• EIGNAumsjón

lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800



Silfursmári 8

NÝ VERSLUN

BY.L

skartgripir by lovisa

KOMDU & FAGNAÐU MEÐ OKKUR
OPNUNARPARTÝ

11.10.24

OPIÐ FRÁ KL.13-19

-20% af silfri

-10% af 14kt gulli

afsláttur gildir 11. & 12. okt - einnig á byl.is

BY•L - skartgripir by lovisa opnar stórglæsilega verslun í nýju húsnæði að Silfursmára 8

Skartgripaverslun BY•L - skartgripir by lovisa opnar stórglæsilega verslun í nýju húsnæði að Silfursmára 8 í Kópavogi á morgun, þann 11. október, en verslunin hefur verið staðsett í Urriðaholti í Garðabæ síðustu ár undir merkjum by lovisa.

Á bakvið BY•L er skartgripahönnuðurinn og gullsmíðurinn Lovisa Halldórsdóttir Olesen. Skartgripalínur Lovísu hafa vakið mikla athygli og notið mikilla vinsælda á undanföllum árum. Lovísa lauk sveinsprófi í gull- og silfursmíði frá lönskólanum í Reykjavík 2007 og meistaráttindum í kjölfarið.

Lovísa sækir áhrif sín mest úr hversdagslífinu þar sem tvinnast saman klassísk og nýir straumar. Litir, hráefni og form hafa alltaf verið aðal atriði í hönnuninni sem setur mark sitt á fjölbreytileikann í hennar smíði og hönnun.

Lovísa hóf rekstur undir eigin vörumerkjum árið 2013 eftir að hafa unnið við fagið í nokkur ár. Fyrsta verslun var opnuð í bílskúnum á heimili hennar í Garðabæ, en árið 2021 opnaði hún fallega verslun í Vínatræti í Urriðaholti Garðabæ.

En nú eru stór tímamót hjá fyrirtækinu sem færir sig yfir í Kópavoginn og opnar glænýja verslun í Silfursmára föstudaginn 11. október kl. 13. „Við gerum það að sjálfsögðu með pompi og prakt þar sem opnunartilboð, gjafapokar, Dj og veitingar verða á boðstólnum,” segir,“ segir Lovísa.

En af hverju ákvaðstu að færa þig um set og yfir í Silfursmárann? „Það var komið að næsta skrefi hjá okkur, við höfum vaxið og dafnað fallega þökk sé okkar frá-



BY•L er staðsett á móts við Smáralind

bæru viðskiptavinum. Við fundum því að nú var tími til kominn að færa okkur meira miðsvæðis og í stærra rými,” segir hún.

Urðum heilluð af húsnæðinu og staðsetningunni

Var ekkert erfitt að yfirgefa Garðabæinn enda búin að vera með verslun í bænum í rúm 10 ár? „Jú, þetta hefur verið ljúfsárt ferli, bæði ákvörðunin og svo flutningarnir. Við höfum átt yndislega tíma í Urriðaholtinu en þegar við sáum húsnæðið við Silfursmárann urðum við alveg heilluð af því og staðsetningunni.”

Eykur vöruúrvalið og bætur við nýjum vörum

Ög verða einhverjar breytingar á versluninni með nýju og stærra húsnæði og er spennandi að vera að opna nýja verslun? „Jú, það fylgja vissulega mjög spennandi breytingar, í fyrsta lagi erum við að aðlaga aðeins nafnið og þá logo fyrirtækisins, en það er nú BY•L – skartgripir by lovisa. Ég hef vitað í dagóðan tíma að það væri þörf á því vegna erlends



Lovísa er eðlilega spennt að opna nýja verslun í Silfursmára

skartgripamerkis sem heitir Lovísa. Þau eiga réttinn á því nafni og því ákvað ég að stytta okkar aðeins og fríska upp á lógóði í leiðinni,” segir hún og bætir við: „Ég mun kynna nýjar vörur og auka úrvalið í núverandi vörulínunum ásamt því að auka enn frekar úrvalið af skartgripalínunum úr 14kt gulli, hvítgulli, með eðalsteinum og demöntum.”

Ný heimasíða komin í loftið

„Og svona af því að flutningarnir og breytingarnar voru ekki nóg þá höfum við einnig sett í loftið nýja heimasíðu sem tekur mið af þessum breytingum,” segir hún hlæjandi og það má því segja að það hafi verið nóg að gera hjá öllu starfsfólki BY•L síðustu misseri.

Halda stílnum en glittir í nýja líti og mynstur

Ög það er væntanlega spennandi að geta hannað sína eigin verslun frá grunni? „Við gerðum það í Vínatrætinu og svo aftur núna, það er alltaf jafn gaman að geta gert rými algjörlega að sínu eigin og eftir sínu höfði. Við höldum í okkar stíl áfram en það smá sjá glitta í nýja líti og mynstur sem munu einkenna Silfursmárann.”

En fyrir utan að vera að hanna og opna nýja verslun, hvað er þá að fréttu af skartgripasmíðinni? „Með tilkomu nýrrar verslunar aukum við úrvalið svo um munar, þá helst inn í núverandi línur. Svo eru jólin framundan og aldrei að vita nema það detti inn eitthvað skemmtilegt í kringum það season.”

Herraskartgripalínan Stormur fengið frábærar viðtökur

Ög hönnun þín snýr ekki eingöngu að konum því þú hefur einnig hannað skart fyrir karlmann og Unisex - ekki rétt? „Jú, það er rétt, fyrsta herralínan okkar leit dagsins ljós í sumar. Línan í herraskartinu heitir Stormur og hefur hún fengið frábærar viðtökur. Í henni eru hálsmen, keðjur, armbönd og hringir úr bæði silfri og svo 14kt gulli og í einstaka gripum eru svartir demantar.”



Módel með 14kt gull og demantskartgripri frá Lovísu/BY•L

BY•L

skartgripir by lovisa

Nýtt lógó BY•L

Ög hönnun þín nær í raun til allra aldurshópa og er í öllum verðflokkum? „Ég hef svona haft það að leiðarljósi að ná til allra aldurshópa. Nýja verslunin okkar gefur okkur meira rými til þess. Úrvalið hefur aldrei verið jafn mikið og því ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.”

Þannig að þú ert spennt fyrir að opna dyrnar að nýrri verslun í Kópavogi? „Þetta ferli hefur verið mjög lengi í bígerð og því má segja að við getum hreinlega ekki beðið eftir því að opna í Silfursmárann. Við vonum að sjálfsögðu að sjá sem flesta í Kópavoginum,” segir hún brosandí og bætir við: „Svo er það bara í raun ein gata sem skilur Garðabæinn og Smárahverfið að, þannig það er stutt að fara úr Garðabænum.”

Verður Led-auglýsingaskiltum í Garðabæ fjölgað við stofnbrautir bæjarins?



Snjallrás ehf hefur lagt fram fyrirspurn til Garðabæjar um hugmyndir um þrjá staði þar sem fyrirtækið hefur hug á að staðsetja auglýsingaskjái á áberandi stöðum í bæjarlandinu við stofnbrautir. Skjárnir eru 20-24 m2 að flatarmáli með stillanlegu birtustigi.

Fyrirspurninni hefur verið vísað til skoðunar hjá umhverfissviði og leggur nefndin til að

óskað verði eftir umsögn Vegagerðarinnar m.a. með tilliti til öryggissjónarmiða.

Þá þarf að skoða þarf hvort að hugmyndirnar samrýmist þeirri stefnu sem sett er fram í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 um skilti, en mörgum þykir mikill ósömi og umhvefismengun af þessum auglýsingaskiltum.

Herra - og kvennakvöld Stjörnunnar haldið í Miðgarði

UMF Stjarnan hefur lagt fram umsókn um tímabundið áfengisleyfi í íþróttamiðstöðinni Miðgarði vegna herra- og kvennakvölds handknattleiksdeilda Stjörnunnar, sem halda á 18. og 19. október 2024.

Bæjarráð gerir ekki fyrir sitt leyti athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt þannig að herra- og kvennakvöld Stjörnunnar ætti að verða með hefðbundnum hætti.

NÚ EINNIG FÁANLEGT Í HAGKAUP

BURT MED GULA TONA

UPPBYGGJANDI TVENNA SEM STYRKIR HÁRIÐ OG EYÐIR ÖLLUM GULUM TÓNUM ÚR LJÓSU OG GRÁU HÁRI

FUDGE PROFESSIONAL



FASTEIGNASALAN

UTORG

Áb. Sigurður Gunnlaugsson löggiltur fasteignasali

Fyrir hverja eign sem kemur í
sölu hjá okkur í október styrkjum
við Bleiku slaufuna.

Komdu með eignina þína til okkar!

Hringdu núna

520 9595

SÝNUM  LIT

Mikill heiður að taka á móti þessari viðurkenningu, fyrst sveitarfélaga

- segir Almar Guðmundsson bæjarstjóri í Garðabæ en leikskólinn Urriðaból er fyrsti leikskólinn til að hljóta Svansvottun á Íslandi

Leikskólinn Urriðaból við Holtsveg fékk í síðustu viku Svansvottun fyrstur leikskóla á Íslandi, en vottunin var afhent við hátíðlega athöfn í leikskólanum.

Urriðaból við Holtsveg er jafnframt fyrsta leikskólaverkefnið sem hlýtur Svansvottun samkvæmt nýbyggingarviðmiðum Svansins.

Leikskólinn hlaut einnig Grænu skófluna

Leikskólinn er byggður úr krosslímdu timbureiningum (CLT) sem hýsir sex deildir fyrir 96 börn og hlaut verkefnið einnig nýlega Grænu skófluna, umhverfisverðlaun í byggingariðnaðinum sem veitt eru árlega.

Það er afskaplega mikill heiður að taka á móti þessari viðurkenningu, fyrst sveitarfélaga. Hér eru gerðar ríkar kröfur til efnis og gæða og það er gaman að upplifa kraftinn og gleðina í leikskólasamfélaginu hér í fyrsta svansvottaða leikskólanum á Íslandi," segir Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar sem tók við Svansleyfingu fyrir hönd Garðabæ.

Viðmið Svansins setja strangar kröfur er varða orku og loftslagsmál, hringrásarhagkerfið og er ekki síst lögð áhersla á gæði byggingarinnar, góða innivist og loftgæði. Þegar kemur að byggingum sem hannaðar eru fyrir viðkvæma hópa eins og yngsta hóp samfélagsins er gríðarlega mikilvægt að huga að efnanotkun innandyrna. Með Svansvottun hafa verið notaðar byggingarvörur sem eru með fá skadleg efni.

Það skiptir miklu máli hvaða byggingar- og efnavörur eru notaðar á framkvæmdartíma en það er ekki síður mikilvægt að vörur sem keyptar eru inn í rekstri skólans séu einnig valin af gaumgæfni og er því sérstaklega ánægjulegt að leikskólinn er einnig heilsuleikskóli. Skólar ehf. sem leggja upp með að stuðla að heilnæmu umhverfi fyrir börnin.

Leikskólinn Urriðaból er fjórða verkefnið sem hlýtur Svansvottun í Urriðaholti sem



Guðrún Lilja afhendir Almar Guðmundsson bæjarstjóri leikskólinn Urriðaból Svansvottun

er með BREEAM umhverfisvottað skipulag og er hvetjandi að sjá hvernig umhverfisvottað skipulag getur stutt við umhverfisvottaðar framkvæmdir.

kvæmda á svæðinu. „Það er ánægjulegt að sjá hvernig kerfin virka saman og þann metnað sem settur hefur verið umfram hefðbundið skipulag t.d. að nota ákveðið hlutfall af timbri í byggingar og klæðningar auk þess er gert ráð fyrir blágrænum ofanvatnslausnum sem auðveldar fráveitumál og viðhalda vatnsbúskap svæðisins og vatnsstöðu Urriðavatns svo eitthvað sé nefnt," segir Guðrún Lilja Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri Svansins í Garðapósturinn tók hana tali.

Minnka umhverfisáhrif framkvæmda

„Í Svansvottuðum byggingum er markvisst unnið að því að minnka umhverfisáhrif framkvæmdanna, meðal annars með kröfum um lága orkunotkun hússins og ríka áherslu á öruggari og umhverfisvænni efni. Því losun efna úr mismunandi byggingarefnum og hlutum er almennt vanmetin og skipta gæði innivistar miklu máli fyrir alla og sérstaklega fyrir viðkvæma hópa eins og yngsta hluta okkar samfélags," segir Guðrún Lilja.

Hulda Jónsdóttir arkitekt á HJARK, sastudio og exa nordic verkfræðistofa teiknuðu og hönnuðu leikskólann og Þarfaþing ehf var aðalverktaki og sá um uppbyggingu þessa glæsilega leikskóla í Urriðaholti.



Það voru margir sem koma að hönnun og uppbyggingu leikskólans viðstaddir þegar viðurkenningin var afhent

Þau verkefni sem hafa lokið vottun í Urriðaholti eru:

- Brekkugata 2, einbýlishús
- Urriðaholtsstræti 10-12, fjölbýlishús
- Urriðaholtsstræti 44-74, raðhús
- Urriðaból, leikskóli

Eins og áður segir er Urriðaholtið vistvottað samkvæmt BREEAM communities staðlinum, sem er vistvottun skipulags og styður við vottanir fram-



Elstu börnin í Urriðabóli sungu fyrir gesti í tilefni dagsins, af mikilli innlifun

Markmiðið að bæta lífsgæði fólks

Endurskoðun örorkulífeyriskerfis almannatrygginga

Drög að starfsreglum samhæfingarteyma sem tryggja eiga fagleg og skilvirk vinnubrögð samhæfingarteyma voru lögð fram, ásamt drögum að samningi um samstarf á sviði endurhæfingar og þau rædd á fundi bæjarráðs í síðustu viku, en um er að ræða verkefni á vegum Félags- og vinnu- og atvinnuáráðsráðuneytisins, heilbrigðisráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga f.h. félagsþjónustu sveitarfélaga, Tryggingastofnunar, Vinnuáráðs og VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs ses.

Markmið vinnunnar er framtíðarfrirkomulag um heilstæða nálgun og samþættingu þjónustu í tengslum við endurhæfingu einstaklinga. Samstarfið er mikilvægur liður í að ná því markmiði að bæta lífsgæði og lífsgæði fólks sem þarf á endurhæfingaráþjónustu að halda til að bæta afkomu sína og möguleika til virkni, menntunar og

atvinnuþátttöku á eigin forsendum í samræmi við sáttmála ríkisstjórnarinnar frá 2021. Bæjarráð vísar málinu til velferðarsviðs.

Ítreka nauðsyn þess að tillögurnar komist hratt í framkvæmd og að því fylgi fjárframlög af hálfu ríkisins

Þá var kostnaðar- og ábyrgðarskipting ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk einnig rætt á fundi bæjarráðs.

Áfangasskýrsla II, tillögur starfshóps Félags- og vinnu- og atvinnuáráðs vegna kostnaðar- og ábyrgðarskiptingar ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk var lögð fram á fundi bæjarráðs í síðustu viku, en bæjarráð ítrekar nauðsyn þess að tillögurnar komist hratt í framkvæmd og að því fylgi fjárframlög af hálfu ríkisins. Bæjarráð vísar málinu til frekari umfjöllunar hjá velferðarráði og samráðshópi um málefni fatlaðs fólks.

LÁTTU OKKUR SJÁ UM HEIMILISÞVOTTINN ÞINN

Hröð og vönduð þjónusta. Persónuleg þjónusta og hagstætt verð.

OPNUNARTÍMI EFNALAUGAR GARÐABÆJAR
MÁN - FÖS: 8-18 • LAU: lokað



EFNALAUG GARÐABÆJAR | GARÐATORGI 3 | GARÐABÆ | Sími 565 6680



Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi





Laugardagurinn
12. október 2024

Á göngugötunni Garðatorgi

Fjölskyldudagskrá

14:00-16:00

- Klapp, klapp, stapp, stapp!
Tónlistarsmiðja með Ingibjörgu Fríðu og Sigurði Inga þar sem líkaminn er notaður sem hljóðfæri.
Öll fjölskyldan tekur þátt.
- Stórsveit Tónlistarskóla Garðabæjar leikur af sinni alkunnu snilld.
- Rökkvubandið með stuð dagskrá.

Markaður og listasýning

14:00-23:00

- Þrjónavörur, skartgripir, myndlist og fleira áhugavert.
- Myndlistarsýning í Betrunarhúsinu.
Íris Eva Magnúsdóttir og Jói Pé

Stórtónleikar

19:30-22:30

- Kusk og Óviti
- KK
- Jói Pé og félagar
- GDRN

Dagskráin er ætluð allri fjölskyldunni að njóta saman í hjarta Garðabæjar.
Aðgangur ókeypis

Sýnum tillitsemi og hlýju.
Njótum Rökkvunnar saman.

Rökkvan